



**Aðfaraorð
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar**

Benedikt Gröndal kunni að segja sögur. Mannlýsingar hans leiftra af fjöri og frásagnargleði. Vissulega er hann stundum of kaldhæðinn og napur og þannig gat hann verið í viðkynningu, viðskotailur og dómharður. Ljúfmennsku átti hann þó líka til og fengur er að sýn hans á daglegt líf og dægradvöl Íslendinga á liðinni tíð.

Dægradvöl heitir einmitt þekktasta verk Benedikts af því tagi en ritgerð hans um Reykjavík árið 1900 er engu síðri. Í þeim skrifum lifnar við þetta litla þorp sem varð að borg – höfuðborg. Við göngum inn í horfinn heim, örvum ímyndunaraflið með aðstoð skáldsins sem svo sannarlega kunni sitt fag. Ekki hafði hann hlutlægni eða hleypidómaleysi að leiðarljósi en það skiptir ekki máli í þessari frásögn. Hennar hlutverk er að örva og kæta, svo geta sagnfræðingarnir komið og bent á það sem missagt kann að vera og mega þá allir una glaðir við sitt.

*Guðni Th. Jóhannesson
forseti Íslands*